

49. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn á Hvolsvelli miðvikudaginn 18.11. 2019 kl. 13:30

Mætt: Anton Kári Halldórsson, Ólafía Jakobsdóttir í forföllum Evu Bjarkar Harðardóttur, Björg Árnadóttir, Þorbjörg Gísladóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri jarðvangsins, Berglind Sigmundsdóttir og auk þess að hluta verkefnastjórnarnir Hörður og Jóhannes.

Anton Kári, formaður stjórnar, setti fund en síðan var gengið til dagskrár:

- Fundur settur. Rætt vítt og breitt um stöðu jarðvangsins
- Bárður Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri Lava Centre mætti á fundinn og gerði grein fyrir viðhorfum fyrirtækisins þess efnis að starfsemin á Þorvaldseyri sé í óeðlilegri samkeppni við þeirra rekstur. Taldi að ekkert í samþykktum UNESCO jarðvanga geri kröfur til þess að hann haldi úti gestastofu. Þá kom fram að hann teldi Destination Management Plan, sem Katla jarðvangur hefði látið vinna, til fyrirmyndar.
- Þorvaldseyri – Jóhannes starfsmaður jarðvangs í gestastofu sagði frá sinni upplifun af starfsemi síðustu mánuði í Þorvaldseyri og viðbrögðum við sýningargjaldinu sem var sett á í byrjun nóvember. Töluverð umferð í sumar, datt niður í september, meira að gera í október en minna í nóvember og desember. Sýningin er í um 10 mínútur en flestir stoppa samt í 60 mínútur til að fá frekari fræðslu. Um 25% af gestum gestastofunnar hafa borgað sig inn á sýninguna eftir að gjaldtakan var tekin upp.
- Stefnumótun. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum frá þremur aðilum um hvernig standa mætti að stefnumótuninni. Samþykkt að leita eftir samstarfi við Alta og SASS.
- Hörður greindi frá verkefnastöðunni hjá sér:
 - Kennsla valáfanga í Hvolsskóla sem hófst í nóvember, 80 mín á viku í 10-12 vikur. Búið að fjalla um jarðvanginn, á döfinni að fjalla um heimsmarkmiðin o.fl.
 - Skiltamál/sýnileiki. Lok á verkefni síðan 2016 frá Framkvæmdasjóði ferðamála, verið að vinna að uppsetningu í öllum þremur sveitarfélögum. Verkefnið langt komið.
 - Fræðsluspjöld á Þorvaldseyri, tveir fletir, 2x4 m, fjármagnað af styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands, verkefnið langt komið.
 - RURITAGE verkefnið, stórt fjögurra ára verkefni. Gagnasöfnun að mestu að baki. Kirkjubæjarstofa var skilgreind sem miðstöð jarðvangsins í þessu verkefni. Tveir fundir að baki, upphafsfundur í Bologna í júní 2018, Valladolid í febrúar 2019, Krít í maí 2019 og í Appignano del Tronto á Ítalíu í október 2019. Þuríður Helga og Hörður hafa aðallega unnið að verkefninu en Berglind heldur utan um fjármálin og skýrslugerð. Verkefnið er að fullu fjármagnað af Horizon 2020 áætlun ESB. Búið að kynna verkefnið á fundi á Kirkjubæjarklaustri í samvinnu við Frið og frumkrafta og á fundi á Þorvaldseyri. Vinnustofa haldin á Kirkjubæjarstofu með nemendum úr leikskólanum á Klaustri.
- Staða á rekstri og framtíðarverkefnum Kötlu jarðvangs.
 - Berglind fór yfir drög að uppgjöri 2019 og áætlun fyrir 2020. Ljóst að reksturinn á Þorvaldseyri er erfiður. Samþykkt að segja upp húsaleigusamningnum með sex mánaða fyrirvara og nota næstu mánuði til stefnumótunar. Í framhaldinu verði tekin ákvörðun um framtíð rekstrarins á Þorvaldseyri. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við starfsmenn um næstu skref.

Stefnt að næsta stjórnarfundum þriðjudaginn 14. janúar kl. 10 á Hvolsvelli.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 18:23.

Anton Kári Halldórsson *Þorbjörg Gísladóttir*
Sigurður Sigursveinsson *Berglind Sigmundsdóttir*